

1864.

8. marz.

landeign kaupstaðarins", og er það ljóst af því, sem berlega er sagt í ákvörðun þessari, að engu öðru tillagi til bæjargjalda verður jafnað á hús, hvort sem þau eru eign hins opinbera eður einstakra manna, en því, sem fellur á hvert hús af þeim þriðjungi, sem hér er um rætt, af því, sem ætlazt er til að fari til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Eigi verður heldur haft neitt tillit til rentukammerbréfa og kansallíbréfa þeirra, sem bæjarstjórnin hefir vitnað til, til styrkingar hinna gagnstæðu skoðun á málinu, þó ekki væri af öðru, þá samt þess vegna, að þau eru eldri en reglugjörðin frá 1846. En hvað þvínæst snertir áðurgreint bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar, þá sèst það bæði af bréfinu sjálfu og einkum af því, sem fram fór í málinu áður en það kom út, að stjórnarráðið þá ekki átti að leysa úr annari spurning en þeirri, hvort hús latínuskólans sem eign ríkissjóðsins bæri að telja með „kaupstaðarhúsum" í 19. grein reglugjörðarinnar, og hvort skylt væri yfir höfuð að greiða af því nokkurt tillag til bæjargjalda eður ekki.

Þarsem sjá má af bréfi yðar, herra stiptamtmaður, að bæjarstjórnin, þá er heimtuð voru bæjargjöldin árið sem leið, ekki hefir tekið til greina úrskurð stjórnarráðsins um þetta efni í optnefndu bréfi þess 28. febrúarm. f. á., skal því að endingu við bætt, að stjórnarráðið efast ekki um, að þér sjáið svo um, að ekki verði hèreptir jafnað neinum bæjargjöldum, sem eigi er heimild fyrir, á opinber hús í Reykjavík.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kaupstaðarlód á Borðeyri og leigu eptir hana.

12. marz.

Í bréfi 22. októberm. 1861 hafid þér, herra amtmáður, skýrt frá, að hlutaðeigandi sýslumaður hafi árið 1861 með þrem útmælingargjörðum mælt út lód til að byggja á sölubúðir fyrir þá Guðmund Einarsson, Þorlák O. Johnsen, og Hans A. Clausen, agent, á jörðinni Borðeyri, sem heyrir til Strandasýslu

1864.
12. marz.

umboði, en þar var löggiltur verzlunarstaður með konungs-úrskurði 23. desembermán. 1846, að leiga sú, er menn þessir eiga að greiða eptir lóðir þær, er þeim voru út mældar, hafi við gjörðir þessar verið þannig ákveðin, að hinir tveir fyrsttöldu skuli greiða 12 rd. á ári hvor, og hinn síðast taldi 8 rd. En þareð ábúandinn, sem nú er á Borðeyri, P. Eggertz, er þegar árið 1857 sjálfur fekk þar útmælda lóð til að byggja á sölubúð, hefir krafizt þess, að hann sem leiguliði á allri jörðinni fái leiguna eptir lóðir þessar, en þær þarámóti haldið, að ekki beri að taka þessa kröfu hans til greina, þá hafið þær í bréfi yðar farið fram á, að dómsmálastjórnin með úrskurði sínum ákveði, að leigan eptir lóðir þær, sem útmældar hafa verið á Borðeyri, renni inni ríkissjóðinn, en þó sè sú lóðin, sem Eggertz hlaut, undanskilin meðan hann er ábúandi jarðarinnar, og að umboðsmanninum yfir Strandasýslu umboði verði boðið að heimta gjald þetta og telja það með tekjum í umboðsreikningi sínum.

Eptir að stjórnarráðið nú með bréfum amtsins 18. septemberm. 1862 og 5. septemberm. f. á. er búið að fá ýtarlegri skýrslur í málinu, semurðu að þykja nauðsynlegar áður en úr því væri skoríð, skal yður hærmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þær gjöríð ráðstafanir í því efni, að leiga sú, sem ákveðin var við ádurgreindar þrjár útmælingargjörðir, samtals 32 rdl. á ári, á að renna inni ríkissjóðinn og ber að heimta hana og gjöra skil fyrir á þann hátt, er þær, herra amtmaður, hafið uppá stungið, en þar á móti ber að gjöra út um það með mati óvilhallra manna, er út nefudir sèu fyrir rétti, hvort svo verði álitíð, að P. Eggertz, sem nú er ábúandi á Borðeyri, hafi líðið nokkurn skaða eður nokkra rýrnum á þeim afnotum jarðarinnar, er honum voru heimiluð með byggingarbréfi sínu frá 10. marzm. 1857, og ef svo er, hversu mikils virði sá skaði verði metinn, því þá ber að veita honum jafnmikla linun í árlegu afgjaldi af jörðinni frá því, er hann í þessu tilliti hefir líðið rýrnum á fullum afnotum hennar.

Í bréfi amtsins frá 18. septemberm. 1862 er rætt um

nokkrar spurningar, er hlutaðeigandi umboðsmaður hafði upp borið, en þær eru þessar:

1864.
12. marz.

1. hvort menn þeir, sem fengu útmældar áður greindar lóðir á Borðeyrartanga, eigi ekki að gjalda hina ákveðnu leigu eftir þær frá þeim degi, er útmælingargjörðirnar fóru fram, jafnvel þó þeir ekki byggi þar hús;
2. hvort þeir eigi missi rétt sinn til lóðanna ef þeir eigi hafi notað hann innan 2—3 ára;
3. hver eigi að taka við leigunni eftir lóðirnar;
4. hvort nokkur hafnartollur verði heimtaður af skipum, er liggja á höfn, þarsem engu hefir verið til kostað til hafnarinnar, og skipin ekki hafa not af neinum bletti á landi; og
5. hvort ekki beri að greiða ábúandanum á Borðeyri borgun fyrir hagagöngu handa hestum þeirra, er koma til að verzla, og hvort upphæð borgunarinnar eigi sé komin undir samningi milli hlutaðeigenda, eður hvort umboðsmaðurinn eður sýslumaðurinn eigi að ákveða hana.

Þessum spurningum svarar stjórnarráðið þannig:

1. spurn.: að þessari spurning ber að svara með jáyrði;
2. spurn.: að réttur hlutaðeigenda til að nota lóðirnar burtfellur, ef þeir ekki hafa notað þær innan 2 ára frá dagsetning þessa úrskurðar;
3. spurn.: að þessari spurning er þegar svarað hér að framan;
4. spurn.: að kveða verður nei við þessari spurning; og
5. spurn.: að gjöra verður út um það, sem hér er um spurt, með samkomulagi milli þeirra, er hlut eiga að máli.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að semja nýja jarðabók fyrir Ísland.

12. marz.

Þær hafð, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent dómsmálastjórninni